

**STJÓRNARFUNDUR Á ÁRBAKKANUM, BLÖNDUÓSI  
MIÐVIKUDAGINN 8. júní 2011 KL 09:30.**

Miðvikudaginn 8. Júní 2011 kom stjórn SSNV saman til fundar á veitingastaðnum Árbakkanum á Blönduósi. Mættir voru: Bjarni Jónsson, Adolf H, Berndsen Ágúst Þór Bragason, Sigurjón Þórðarson, Skúli Þórðarson og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð. Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir verkefnisstjóri málefna fataðra sat fundinn undir 2. Lið. Sólrún Júlíusdóttir og Svanfríður Jónasdóttir voru í símasambandi undir 2. Lið. Guðmundur Guðmundsson frá Byggðastofnun og Katrín María Andrésdóttir verkefnisstjóri SSNV atvinnuþróunar sátu fundinn undir 3. lið. Skúli Þórðarson vék af fundi kl 14:00.

Formaður Bjarni Jónsson setti fund og stjórnaði

- a. **Fundargerð þjónustuhóps frá 06.04.2011.** GSG kynnti einstaka liði.
- b. **Fundargerð þjónustuhóps frá 18.05.2011.** GSG kynnti einstaka liði.
- c. **Verklag vegna fjárhagsáætlunargerðar 2012.** Rætt um undirbúning vinnu við gerð fjárhagsáætlunar 2012. Stjórn felur þjónustuhópi að vinna fjárhagsáætlun fyrir árið 2012 og leggja fyrir stjórn eigi síðar en 5 .ágúst n.k. Fjárhagsáætlunin verði unnin út frá núverandi þjónustu og skipulagi utan þess að staða skammtí mavistunar innan stærra þjónustusvæðis verði endurmetin m.t.t. til aukinna fjölda fatlaðra barna og fjárhagsáætlun taki mið af því endurmati. Tekið skal tillit til launa- og verðlagsbreytinga. Áætlunin verður lögð fram og kynnt á ársþingi SSNV í ágúst með fyrirvara um að ekki liggur fyrir hvaða framlög koma til byggðasamlagsins frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2012. Áætlunin verður síðan endurmetin þegar endanleg framlög Jöfnunarsjóð liggja fyrir ásamt endurmati á skipulagi þjónustu.
- d. **Endurnýjun búsetustefnu – verklag** Stjórn samþykkir að skipa starfshóp til að endurskoða stefnu byggðasamlagsins í búsetumálum fatlaðs fólks til næstu fimm ára eða frá 2012 – 2017. Starfshópurinn skipa; stjórn byggðasamlagsins og fulltrúar hagsmunasamtaka fatlaðra ( Þroskahjálpar og ÖBÍ ). Verkefnisstjóri byggðasamlagsins og framkvæmdastjóri SSNV starfi með starfshópnum. Leitað verði eftir tilnefningum í starfshópinn til Landssamtakana Þroskahjálpar og ÖBÍ. Starfshópurinn hefji vinnu í september 2011 og skili af sér fyrir árslok 2011. Stefnan kynnt og tekin til afgreiðslu á ársfundi byggðasamlagsins 2012. Verkefnisstjóra falið að óska tilnefninga frá Þroskahjálpar og ÖBÍ.
- e. **Fasteignamál.** Rætt um stöðu mála varðandi þær fasteignir sem nú eru eign Jöfnunarsjóðs sem um er að ræða að sveitarfélögin kaupi eða leigi.
- f. **Ráðgjöf við fötluð börn í Húnaþingssýslum.** Lögð fram ósk Húnaþings vestra um að gerð verði sú breyting að 25% starfshlutfalli við ráðgjöf við verði færð frá A-Hún til Húnaþings vestra. SP gerði grein fyrir afstöðu Húnaþings vestra til málsins. Miklar umræður urðu um málið. Formaður lagði til að afgreiðslu verði frestað til næsta fundar. Verkefnisstjóra og framkvæmdastjóra falið að vinna áfram í málinu.

## 2. SSVN atvinnuþróun

- a. **Verkefnayfirlit atvinnuráðgjafa apríl og maí 2011.** Framkvæmdastjóri skírði einstaka verkefni.
- b. **Vorfundur Byggðastofnunar og atvinnuþróunarfélagana.** Lagðir fram til kynningar minnispointar frá fundinum. Framkvæmdastjóri og KMA fóru yfir efni fundarins. Miklar umræður urðu undir þessum lið m.a um endurskoðun stoðkerfis atvinnulífsins á Norðurlandi vestra sem er hluti af landshlutaáætlun Norðurlands vestra. *Stjórn samþykkir að óska eftir viðræðum við Iðnaðarráðuneytið og Nýsköpunarmiðstöð um að SSVN atvinnuþróun taki yfir starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar á Norðurlandi vestra.* Rætt um uppfærslu yfirlits um opinber störf á svæðinu.
- c. **Vaxtarsamningur Norðurlands vestra.** Lögð fram drög að endurnýjuðum vaxtarsamningi fyrir árin 2011-2013. Stjórn SSVN gerir veigamiklar athugasemdir við fyrirliggjandi samningsdrög einkum þeim sem snúa að verkefnisstjórn og skipan hennar og felur framkvæmdastjóra að óska eftir fundi með Iðnaðarráðherra vegna málsins.

## 3. Sameignleg barnaverndarnefnd á Norðurlandi vestra – drög að skýrslu.

Framkvæmdastjóri lagði fram samantekt um stofnun sameignlegrar barnaverndarnefndar á starfssvæði SSVN sbr. samþykkt 18. ársþings SSVN. Stjórn ræddi drögin og fól framkvæmdastjóra að gera lagfæringar í framhaldi umræðunnar. Í framhaldinu samþykkti stjórn eftirfarandi tillögu. *Stjórn SSVN leggur til við aðildarsveitarfélögin að stofnuð verði sameiginleg barnaverndarnefnd aðildarsveitarfélagana. Kosið verði í nefndina á 19. ársþingi SSVN og taki nefndin til starfa 1. janúar 2012.* Þá samþykkti stjórn að vísa tillögunni til afgreiðslu 19.ársþings. Framkvæmdastjóra falið að senda sveitarfélögum til drögin til kynningar og umfjöllunar.

## 4. Samgöngumál – upplýsingar frá Samgönguþingi.

Framkvæmdastjóri fór yfir umræður á Samgönguþingi sem haldið var í Reykjavík 30. Maí s.l. þar sem m.a var til umræðu drög að stefnumótun í samgöngumálum 2011-2022. Þingið var skipulagt af Samgönguráði. Þar kom fram að gert er ráð fyrir að landshlutasamtök sveitarfélaga skili forgangsröðuðum tillögum í samgöngumálum í hverjum landshluta í haustið 2011. Vakin er athygli á að opið er fyrir ábendingar og umsagnir um stefnumótun í samgöngumálum á vef Samgönguráðs til 15. Júní. N.k.

## 5. Ísland 20/20 - Landshlutaáætlun Norðurlands vestra.

Lagt fram minnisblað um Samþætting vinnu við sóknaráætlanir landshluta 2012 - 2020, einföldun og samþættingu stefna og áætlana og gerð fjárfestingaráætlunar 2013-2020 sem ríkisstjórnin samþykkti þann 31.05.2011. Þar kemur m.a fram að gert er ráð fyrir að fyrir Tilraunaútgáfur sóknaráætlana landshluta fyrir árið 2012 verða unnar með þeim hætti að landshlutarnir skili inn til ríkisins tillögum að 5-7 áhersluverkefnum vegna fjárlaga fyrir árið 2012 sem samræmist áherslum Ísland 2020. Áhersla verði lögð á verkefni sem þegar eru á fjárlögum t.d. fjármögnun einstakra verkefna af hálfu vaxtar- og menningarsamninga þar sem kostur er. Endurskipulagning stoðkerfis atvinnulífs og byggðaðróunar taki mið af svæðisbundnum áherslum heimamanna. Tillögur um verkefni og forgangsröðun skulu lagðar fyrir ráðherranefnd um ríkisfjármál og síðan fyrir ríkisstjórn.

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu að verklagi og áhersluþáttum landshlutaáætlun Norðurlands vestra. Miklar umræður urðu um áhersluþætti og orðalag þeirra. Framkvæmdastjóra falið að vinna að breytingum og orðalagi og áherslum í samráði við stjórnarmenn í tölvupósti. Stjórn samþykkti framlagða tillögu um verklag.

6. **Almenningssamgöngur á Norðurlandi vestra - staða mála.** Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fundi með fulltrúum VSÓ ráðgjafar og Strætó b.s varðandi könnun á uppsetningu og skipulagi almenningssamgangna á Norðurlandi vestra. Þá greindi framkvæmdastjóri frá viðræðum við fulltrúa vegagerðarinnar um kostun á ráðgjöf við forkönnun á skipulagningu almenningssamgangna á Norðurlandi vestra en vegagerðin hefur samþykkt að leggja til ráðgjafa við verkefnið. Stjórn lýsir yfir ánægju með ákvörðun Vegagerðarinnar.
7. **19. ársþing SSSNV – efnistöð.** Rætt um efnistöð 19. ársþings SSSNV. Framkvæmdastjóra falið að vinna að undirbúningi í samræmi við umræður á fundinum.
8. **Fundur EFTA vettvangs sveitarfélaga.** Formaður gerði grein fyrir fundi vettvangsins sem haldinn var í Hamar í Noregi 25. -26. maí s.l og fór yfir þau mál sem þar voru til umræðu. Þá kynnti formaður tilurð og hlutverk vettvangsins.
9. **Bréf jöfnunarsjóðs 14.05.2011.** Lagt fram til kynningar. Í bréfinu er kynnt breyting á framlögum til landshlutasamtaka sveitarfélaga á árinu 2011 um 100 þúsund.
10. **Bréf Framfarafélags Fljótsdalshéraðs.** Lagt fram til kynningar. Í bréfinu er kynntur fundur undir yfirskriftinni Stefnumót við stjórnlagaráð sem haldinn verður í Valaskjálfi á Egilsstöðum þriðjudaginn 14. júní.
11. **Fundargerðir og umsagnir**
  - a. **Stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá 27.05.2011.** Lögð fram til kynningar.
  - b. **Stjórnar SSA frá 01.06.2011.** Lagt fram til kynningar.
  - c. **Umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til nýrra sveitarstjórnarlaga.** Lögð fram til kynningar.
12. **Frumvörp til umsagnar**
  - a. **Frumvarp til laga um menningarminjar (heildarlög), 651. Mál.** Veitir ekki umsögn.
  - b. **Frumvarp til laga um safnalög (heildarlög), 650. Mál.** Veitir ekki umsögn.
  - c. **Frumvarp til laga um skil menningarverðmæta til annarra landa (heildarlög, EES-reglur), 649. mál.** Veitir ekki umsögn.
  - d. **Frumvarp til laga um Þjóðminjasafn Íslands (heildarlög), 648. Mál.** Veitir ekki umsögn.
  - e. **Frumvarp til laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis (olíuleitarleyfi), 719. Mál.** Veitir ekki umsögn.
13. **Önnur mál.** Engin mál voru rædd undir þessum lið.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 15:00. Jón Óskar Pétursson fundarritari.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.  
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.  
This page will not be added after purchasing Win2PDF.